

FUNDARGERÐ

246. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra haldinn miðvikudaginn 4. mars 2026, kl. 13:00 í gegnum Teams

Mætt

Úr heilbrigðisnefnd:

Helgi Haraldsson
Anna Karen Úlfarsdóttir
Kristín Halldórsdóttir
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Starfsmenn:

Leifur Porkelsson
Þórey Agnarsdóttir
Steinn Oddgeir Sigurjónsson
Radek B. Dudziak
Jóhannes Haukur Hauksson

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Auto ehf.
3. Skútaberg, Moldhaugnahálsi
4. Umsagnir
5. Útgefin starfsleyfi
6. Staðfestar skráningar
7. Drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Norðurþingi
8. Drög að breytingum á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Akureyrarbæ
9. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð 245. fundar heilbrigðisnefndar sem fór fram þann 17. desember sl. Þá var rætt um aðgerðir vegna umgengni á athafnasvæði Auto á Setbergi á Svalbarðsströnd, framkvæmdir við geymslusvæði á Moldhaugnahálsi og samþykki byggingarfulltrúa vegna útgáfu starfsleyfa skv. reglugerð um hollustuhætti

2. Auto ehf.

Við skoðun á lóð Auto ehf. að Setbergi á Svalbarðsströnd þann 27. febrúar sl. var staðfest að enn hefur ekki verið brugðist við kröfum Heilbrigðisnefndar um tiltekt á lóðinni. Dagsektir hafa verið lagðar á síðan 28. október 2024. Innheimtuaðgerðir eru í hefðbundnu ferli og fjárnám hefur verið gert í eigninni.

Heilbrigðisnefnd ítrekar enn og aftur kröfu um tiltekt á lóðinni og að lögð verði áhersla á að hreinsa þann hluta svæðisins sem blasir við frá þjóðvegi og að öll spilliefni verði fjarlægð af svæðinu. Dagsektir verða lagðar á og innheimtuaðgerðum haldið áfram þar til úr verður bætt.

3. Skútaberg, Moldhaugnahálsi

Við skoðun á athafnasvæði Skútabergs á Moldhaugnahálsi nýlega var staðfest að vinna við gerð geymslusvæðis og sjónmanar er vel á veg komin, jafnframt eru framkvæmdir hafnar við gerð varanlegs svæðis fyrir bíla og vagna í samræmi við deiliskipulag svæðisins.

Heilbrigðisnefnd fagnar því að framkvæmdir til að bæta umgengni um svæðið séu hafnar. Nefndin ítrekar að ástýnd svæðisins er óviðunandi og því afar mikilvægt að unnið verði markvisst að nauðsynlegum úrbótum sem miða að því að bæta ástýnd þess

Starfsmönnum HNE er falið að fylgjast með framkvæmdum og upplýsa nefndina um framvindu mála á svæðinu fyrir næsta fund.

4. Umsagnir

1. Oddi (áður Espigerði), Birkitröð og Kvos í Eyjafjarðarsveit -umsögn um breytingu á deiliskipulagi
2. Umsögn um vinnslutillögu að nýju aðalskipulagi Hörgársveitar
3. Hraun í Öxnadal – umsögn um nýtt deiliskipulag
4. Umsögn um matsáætlun vegna vindorkuvers á Brekknaheiði og Sauðaneshálsi
5. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar vegna stækkunar íbúðarsvæðis á Árskógssandi
6. Umsögn um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð á Árskógssandi
7. Umsögn um vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi athafnasvæðis í landi Ytri-Haga í Dalvíkurbyggð
8. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar vegna Árskógsvirkjunar í Þorvaldsdal
9. Árskógsvirkjun í Þorvaldsdal – umsögn um nýtt deiliskipulag

5. Útgefin starfsleyfi

1. Dalakofinn Laugum ehf. kt. 491225-0170 - Dalakofinn, 650 Laugar – Veitingastaður og verslun
2. Kjarnafæði Norðlenska ehf. kt. 581289-1899 - Grímseyjargata, 600 Akureyri – sláturhús
3. Akureyrarbær kt. 410169-6229 – Duggarklettur, 630 Hrísey – Efnistaka
4. Eimskip Ísland ehf. kt. 421104-3520 – Norðurgarður 4, 640 Húsavík– vöruflutningamiðstöð–
Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt
5. Majó ehf. kt. 471106-0700 – Hof Menningarhús, Strandgata 12, 600 Akureyri – veitingastaður
6. Barna- og fjölskyldustofa kt. 700595-2699– Bjargey, 605 Akureyri – Meðferðarheimili
7. Hhostel ehf. kt. 610916-1200 – Hafnarstræti 99-101, 600 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
8. Lambinn ehf. kt. 520126-2950 – Öngulsstaðir, 605 Akureyri – veitingastaður – ***Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt***
9. Northern Stay ehf. kt. 460619-1300 – Geislagata 7, 600 Akureyri – sala á gistingu án veitingasölu
10. Hótel Laxá ehf. kt. 570713-0190 - Olbogaás 1, 660 Mývatn – Hótel með veitingasölu –
Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt
11. Langanesbitinn ehf. kt. 480405-0720 - Fjarðarvegi 2 (N1 skálinn), 680 Þórshöfn –
veitingastaður
12. Mývatn ehf. kt. 520491-1399 – Skútustaðir 2, 660 Mývatn – bjórgerð og bar – ***Samþykkt með fyrirvara um lokaúttekt***

Heilbrigðisnefnd samþykkir útgáfu ofangreindra starfsleyfa með þeim fyrirvörum sem tilteknir eru.

6. Staðfestar skráningar

Staðfestar hafa verið skráningar fyrir eftirtalda atvinnustarfsemi sem talin er upp í viðauka reglugerðar 830/2022:

1. Skógarböð ehf. kt. 521120-1420 - Tangi vestan Eyjafjarðarbrautar í landi Ytri-Varðgjár, 605 Akureyri– brenna 31.12.2025
2. Sigurður Einar Þorkelsson 080806-4260 - á mel neðan við bæinn Hól í Grýtubakkahreppi, 616 Grenivík - brenna 6.1.2026
3. Míla hf. kt. 460207-1690- Svalbarðseyrarvegur 11, 606 Akureyri – niðurrif mannvirkja
4. AK Hestaferðir ehf. kt. 450922-2420- Gásir, 604 Akureyri – hestahald

7. Drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Norðurþingi

Lögð fram drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Norðurþingi.

Heilbrigðisnefnd samþykkir fyrirbyggjandi drög og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 2.mgr. 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

8. Drög að breytingum á samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Akureyrarbæ

Lögð fram drög að breytingum á samþykkt nr. 1449/2024 um meðhöndlun úrgangs í Akureyrarbæ. Breytingarnar eru tæknilegs eðlis og gerðar til að tryggja skýrleika ákvæða með hliðsjón af reynslu við framkvæmd samþykktarinnar.

Heilbrigðisnefnd samþykkir fyrirbyggjandi drög að breytingum og vísar þeim til afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við 2.mgr. 59.gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. Önnur mál

- Rætt um fund umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins með fulltrúum í heilbrigðisnefndum sveitarfélaga sem fram fór nýlega um fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum
- Næsti fundur er áætlaður 15. apríl

Fundi slitið kl. 13:35

Undirritunarsíða

Formaður heilbrigðisnefndar
Helgi Haraldsson

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Anna Karen Úlfarsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Fulltrúi í heilbrigðisnefnd
Kristín Halldórsdóttir

Framkvæmdarstjóri HNE
Leifur Þorkelsson

Heilbrigðisfulltrúi
Steinn Oddgeir Sigurjónsson

Heilbrigðisfulltrúi
Þórey Agnarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi
Jóhannes Haukur Hauksson

Heilbrigðisfulltrúi
Radosław Bolesław Dudziak